



Aðalfundur Ljósmeðrafélags Íslands 2. apríl 2022 kl. 10

Dagskrá :

1. Fundur settur, tilnefning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Skýrslur nefnda, ráða og fagdeilda.
4. Reikninga félagsins lagðir fram, fjárhagsáætlun næsta árs og ákörðun félagsgjalda
5. Lagabreytingar.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
8. Nefndakosning - kosning í trúnaðarstörf.
9. Önnur mál.



Skýrsla stjórnar LMFÍ 2021-2022

Skýrsla stjórnar að þessu sinni einkennist af því að nú erum við að losna undir oki heimsfaraldurs sem hefur takmarkað möguleika okkar á því að koma saman. Eitt af fyrstu verkefnum nýrrar stjórnar var að hafa dagskrá á netinu í tilefni af alþjóðlegum degi ljósmæðra. Það tókst sérlega vel til og yfir 100 ljósmæður gáfu sér tíma til að vera með í rauntíma og áhorf eftir á var einnig mikið. Dagskráin var sérlega áhugaverð þar sem ljósmæður kynntu hin ýmsu verkefni sem þær hafa verið að vinna að á meðan á heimsfaraldri stóð auk þess sem ljósmæður víða um heim kynntu fyrir okkur hvernig starfsaðstaða þeirra og starfsumhverfi breyttist á tímum faraldursins.

Á síðasta aðalfundi fyrir ári síðan voru gerðar umtalsverðar breytingar á lögum félagsins. Ein af þeim breytingu var að fræðslunefnd félagsins var lögð niður og öll fræðsla er því nú á höndum stjórnar. Stjórn hefur nú haldið fjögur fræðslukvöld á netinu þar sem ljósmæðrum af öllu landinu hefur gefist tækifæri á að koma saman og hlusta á hina ýmsu fyrirlestra. Á fyrsta zoom fundinum fjölluðum við um gagnsetningar, næst um áföll í starfi, þá jákvæða fæðingarreynslu og nú síðast um brjóstgjöf og svefn nýbura. Fundirnir hafa verið teknir upp og hægt að horfa á þá í nokkra daga á eftir og þannig fá allir tækifæri á að nýta sér þá fræðslu sem í boði er. Það hefur verið sérstaklega ánægjulegt að geta leitað til ljósmæðra með öll þau erindi sem hafa verið flutt, enda íslenskar ljósmæður sérstaklega fróðar og hafa sérhæft sig á hinum ýmsu sviðum. Eins hefur Ljósmeðrafélag Ísland stutt við aðra fræðslu eins og frá sjúkrahjálfurum um breytingar á stoðkerfinu á meðgöngu og eftir fæðingu, auk námskeiðs sem danski fæðingarlæknirinn Kamilla Gerhard Nielsen hélt fyrir ljósmæður. Við stefnum á að halda áfram sömu vegferð á næsta starfsári og vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim fjölmörgu ljósmæðrum sem hafa komið að þessum verkefnum.

Kjaramál eru ávallt stór hluti af störfum félagsins. Hinn 1. maí síðastliðinn tók við nýtt kerfi sem hefur verið lengi í undirbúningi og felur í sér töluverðar breytingar fyrir vaktavinnufólk. Má þá helst nefna að nú fyrst er mögulegt að vera á þrískiptum vöktum í 100% starfi, með 100% laun, sem og að greiðslur fyrir næturvaktir hafa aukist. En margt má betur fara og nú er



hafið starf við endurskoðun á kerfinu og athugun á því hvað betur má fara. Þar er mér efst í huga greiðslur fyrir stórhátíðar.

Ekki hefur tekist að innleiða stofnanasamninga með nýju framgangskerfi á þessu starfsári, en vonandi fer að koma að því að við getum skrifað undir ásættanlega samninga.

Stjórn vinnur einnig að því að ljúka samningi við Áfalla og sálfræðimiðstöðina í Kópavogi sem felur í sér að ákveðnir aðilar á þeirri stofu sérhæfi sig í því að setja sig sérstaklega inn í starfsaðstæður ljósmæðra. Ljósmæður sem lenda í aföllum fá forgang með að bóka tíma og einnig betri kjör. Því miður hefur Covid faraldurinn tafið þessa vinnu.

Erlent samstarf innan ICM hefur verið í gegnum netið sem er á vissan hátt gott, því mæting frá aðildalöndum hefur verið góð. NJF hefur haldið einn fund sem var staðfundur síðastliðið haust í Kaupmannahöfn.

Dagleg starfsemi félagsins hefur verið að aukast með vormánuðum sem og allt starf innan BHM og staðfundum hefur verið að fjölga. Stjórn Ljósmeðrafélags Íslands hefur hist formlega einu sinni í mánuði og hefur það ýmist verið í formi staðar- eða fjarfunda eftir því sem veiran og veðrið hefur leyft okkur. Þess utan höfum við verið í miklum skriflegum samskiptum.

Stríðið í Úkraínu hefur haft áhrif á íslenskar ljósmæður eins og alla aðra. Sterk krafa kom fram af hálfu ljósmæðra um að við myndum láta til okkar taka og eftir mikla yfirlegu fundum við verkefni sem okkur fannst passa okkur. Það felst í því að styrkja pólskar heimaþæðingarljósmæður sem eru að útbúa pakka með öllu sem til þarf við fæðingar, leiðbeiningar til þeirra sem aðstoða ásamt því helsta sem nýburar þurfa fyrstu dagana. Þegar þetta er skrifað hafa safnast 4.500.000 þúsund krónur sem fjármagna um 750 fæðingarpakka. Vert er að minna á að söfnunin er enn í gangi. Ljósmeðrafélag Íslands hefur einnig haft samband við Útlendingastofnun og boðist til að vera ljósmæðrum sem hingað koma innan handar með að aðlagast íslensku starfsumhverfi. Vil ég þakka ljósmæðrum hversu fljótt þær brugðust við í þessu verkefni en það var forsenda fyrir því hversu vel gekk.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

Stjórn félagsins gefur öll kost á sér til áframhaldandi setu og er ég þeim ákaflega þakklát. Samstarfið hefur verið alveg sérstaklega gott og við höfum áorkað miklu.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim fjölmörgu ljósmæðrum sem hafa lagt sitt af mörkum á liðnu starfsári fyrir óeigingjarnt starf og þakka samstarfið á liðnu starfsári.

Fyrir hönd stjórnar LMFÍ

Unnur Berglind Friðriksdóttir, formaður.



Skýrsla sjóðanefndar Ljósmaedrafelags Íslands

Minningarsjóður Jóhönnu F. Hrafnfjörð

Sjóðanefnd fundaði 9. nóvember 2021.

Í sjóðanefnd 2021 eru: Unnur Berglind Friðriksdóttir formaður LMFÍ, Bryndís Ásta Bragadóttir gjaldkeri LMFÍ, Gréta Rún Árndóttir, Ástþóra Kristinsdóttir og Kristbjörg Magnúsdóttir.

Úthlutun 2021:

Tvær styrkhæfar umsóknir bárust. Ákveðið var að báðir umsækjendur myndu fá hluta af upphæð umsókna frekar en að styrkja bara einn aðila.

Alls var úthlutað 240.000 kr. árið 2021. Ekki er heimild til að skerða stofnfé sjóðsins.

Framtíð sjóðsins:

Rætt að sjóðanefnd þurfi að skoða leiðir til að ávaxta sjóðinn betur. Ekki fást miklir vextir af peningunum sem liggja í banka og bera um 1% vexti. Sú hugmynd kom upp að kaupa litla íbúð fyrir peninga sjóðsins. Íbúðin myndi þá vera leigð út í langtímaleigu á almennum markaði. Þessar tillögur verða bornar undir á næsta aðalfundi 2022.

f.h. sjóðanefndar,
Bryndís Ásta Bragadóttir, gjaldkeri LMFÍ
Formaður sjóðanefndar



Skýrsla kjörnefndar 2022

Rautt = Fráfarandi

Blátt = Framboð

Stjórn

Formaður	Unnur Berglind Friðriksdóttir
Varaformaður	Inga M. H. Thorsteinson
Ritari	Gréta María Birgisdóttir
Gjaldkeri	Bryndís Ásta Bragadóttir
Varagjaldkeri	Guðlaug María Sigurðardóttir
Vararitari	Hafðís Guðnadóttir
Aðaltrúnaðarmaður	Jóhanna Ólafsdóttir

Ritnefnd

Ritstjóri	Ólöf Ásta Ólafsdóttir
	Berglind Hálfðánsdóttir
	Steinunn Rut Guðmundsdóttir
	Emma Marie Swift
	Steinunn Blöndal
	Anna G Hallgrímsdóttir
	Edythe Mangindin
	Guðlaug Erla Vilhjálmisdóttir
	Sunna María Schram
	Elín Inga Lárusdóttir

Ritstjórnarfulltrúi

Ólöf Ásta Ólafsdóttir

Kjararáð

Unnur Berglind Friðriksdóttir
Inga M. H. Thorsteinson
Jóhanna Ólafsdóttir



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

Sjóðanefnd	Bryndís Ásta Bragadóttir Unnur Berglind Friðriksdóttir Gréta Rún Árnadóttir Kristbjörg Magnúsdóttir Ástþóra Kristinsdóttir
Kjörnefnd	Bryndís Ásta Bragadóttir Edythe Mangindin Valgerður Lís Sigurðardóttir
Alþjóðlegur fulltrúi	Hildur Kristjánsdóttir
Skoðunarmenn	Kristbjörg Magnúsdóttir Vantar framboð

18. mars 2022
f.h. kjörnefndar
Bryndís Ásta Bragadóttir



Ársreikningur 2021 og áætlun fyrir 2022

Ársreikningur félagsins 2021

Ársreikningur félagsins fylgir fundargögnum.

Þrátt fyrir tap á síðast liðnu ári er fjárhagur LMFÍ áfram góður og er félagið skuldlaust.

Gert var ráð fyrir aukakostnaði 2021 vegna formannsskipta á árinu. Skipt var um endurskoðanda og bókara á árinu og hefur bókhaldspjónustan Endurskoðun og ráðgjöf ehf tekið við bókhaldi félagsins.

Tap LMFÍ á síðast liðnu ári var 5.356.155,- krónur.

Fjárhagsáætlun félagsins fyrir 2022

Fjárhagsáætlun fyrir 2022 byggir á ársreikningi frá 2021, föstum liðum verður ekki mikið breytt nema eftirfarandi: Twinning verkefninu lauk 2021, sá liður tekin út. Launaliður lækkaður, hafði verið hærri vegna formannsskipta. Gert er ráð fyrir auknum kostnaði vegna stjórnarsetu, greiðslur fyrir mætingu á stjórnarfundi uppfærðar í samræmi við texta BHM.

Áfram verða settar inn fastar prósentur af félagsgjöldum inn á Þórdísarsjóð (4,5%) og Brekkusjóð (6%) og ef umfram fé er til verður það lagt inn á þá sjóði.

Áhersla er á sparnað hjá félaginu til að það muni standa á traustum fjárhagslegum fótum til framtíðar.

Gert er ráð fyrir hagnaði á árinu.

18. mars 2022

Bryndís Ásta Bragadóttir, gjaldkeri Ljósmeðrafélags Íslands



Ljósmaðrafélag Íslands

Samanburður á fjárhagsáætlun 2021, rauntölum 2021 og fjárhaegsáætlun 2022

	Áætlun 2021	Rauntölur 2021	Frávik í krónum	Áætlun 2022
Innkoma				
Félagsgjöld+fagfélagsgjöld	35.000.000	35.059.930 kr.	59.930 kr.	35.000.000
Framlag í Þórdísarsjóð (6%)	2.100.000	2.100.000	0 kr.	2.100.000
Framlag í Brekkursjóð (4,5%)	1.575.000	2.013.176 kr.	438.176 kr.	2.000.000
Auglýsingar ljósmaðrablað	1.200.000	1.710.000 kr.	510.000 kr.	1.500.000
Auglýsingar+sala af félagsvörum	5.000.000	2.376.991 kr.	-2.623.009 kr.	3.000.000
Námskeið	3.000.000	0 kr.	-3.000.000 kr.	500.000
Tekjur vegna Twinning	1.000.000	205.632 kr.	-794.368 kr.	-
Innkoma í allt:	48.875.000	43.465.729 kr.		44.100.000
Útgjöld				
Laun og launatengd gjöld				
Laun og launatengd gjöld	33.000.000	27.919.210 kr.	-5.080.790 kr.	14.000.000
Lífeyrissjóður	5.000.000	4.870.747 kr.	-129.253 kr.	5.000.000
	38.000.000	32.789.957 kr.		19.000.000
Félagslegur kostnaður				
Skattur og tillag til BHM	4.220.000	3.999.285 kr.	-220.715 kr.	4.000.000
Vefsíðukostnaður+fylgjan	2.500.000	1.969.100 kr.	-530.900 kr.	2.000.000
Ljósmaðrablaðið	2.500.000	1.964.126 kr.	-535.874 kr.	2.200.000
Námskeiðskostnaður	3.000.000	95.000 kr.	-2.905.000 kr.	500.000
Kostnaður ICM, NJF og EMA	405.000	252.036 kr.	-152.964 kr.	600.000
Kostnaður vegna Twinning	1.000.000	506.000 kr.	-494.000 kr.	-
Gjafir og styrkir	1.200.000	1.943.430 kr.	743.430 kr.	2.500.000
Greiddir styrkir úr MJH	500.000	120.000 kr.	-380.000 kr.	240.000
Greiddir styrkir úr Vísindasjóði A	575.000	627.954 kr.	52.954 kr.	650.000
Auglýsingar	50.000	0 kr.	-50.000 kr.	-
Afskrifaður og niðurfærðar kröfur	200.000	279.965 kr.	79.965 kr.	250.000
Birgðir af félagsvörum	200.000	330.000 kr.	130.000 kr.	270.000
Ýmis kostnaður	500.000	56.269 kr.	-443.731 kr.	60.000
	16.850.000	12.143.165 kr.	343.980 kr.	13.270.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður				
Sími	55.000	57.905 kr.	2.905 kr.	58.000
Burðargjöld	40.000	38.635 kr.	-1.365 kr.	40.000
Pappír, prentun og viðhald tækja	120.000	130.680 kr.	10.680 kr.	130.000
Stjórnarseta	500.000	784.210 kr.	284.210 kr.	1.100.000
Kostnaður vegna funda	500.000	287.356 kr.	-212.644 kr.	200.000
Reiknisleg aðstoð	500.000	562.215 kr.	62.215 kr.	500.000
Skrifstofutæki og áhöld	150.000	196.303 kr.	46.303 kr.	500.000
Rekstur upplýsingak. og hugbúnaðarþj.	600.000	538.763 kr.	-61.237 kr.	550.000
	2.465.000	2.596.067 kr.	-1.047.937 kr.	3.078.000
Húsnæðiskostnaður				
Viðhald húsnæðis	1.500.000	1.292.701 kr.	-207.299 kr.	1.000.000
Vátryggingar húsnæðis	38.000	39.290 kr.	1.290 kr.	40.000
	1.538.000	1.331.991 kr.	-206.009 kr.	1.040.000
Fjármagnsliðir				
Fjármunatekjur		221.492 kr.		220.000 kr.
Fjármagnsgjöld		-141.506 kr.		-140.000 kr.
Fjármagnstekjuskattur		-40.690 kr.		-40.000 kr.
		39.296 kr.		40.000 kr.
Útgjöld í allt:				
		48.821.884 kr.		36.428.000
Tap:				
		5.356.155 kr.		7.672.000

Ljósmaðrafélag Íslands

Ársreikningur 2021

Ljósmaðrafélag Íslands
Borgartúni 6
105 Reykjavík
kt. 560470-0299

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2021 fyrir Ljósmeðrafélag Íslands byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga.

Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningur er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreikningsins er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Garðabæ, 17. febrúar 2022.

Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er fag- og stéttarfélagsstarfsemi.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Rekstur ársins 2021

Tap varð af rekstri félagsins á rekstrarárinu að fjárhæð 5,4 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 50,5 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Fjöldi ársverka hjá félaginu voru 2 og launagreiðslur félagsins námu um 25,0 m.kr. á árinu.

Fjöldi ársverka hjá félaginu á fyrra ári voru 2 og launagreiðslur félagsins námu um 27,8 m.kr. á árinu.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2021, efnahag 31. desember 2021 og breytingu á eigin fé á árinu 2021 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Ljósmeðrafélags Íslands staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. febrúar 2022.

Stjórn:

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		35.059.930	35.712.656
Tekjur af námskeiðshaldi		0	2.726.862
Tekjur vegna Twinning		205.632	4.107.600
Tekjur af blaðaútgáfu		1.710.000	1.700.400
Framlög í sjóði		4.113.176	1.471.747
Aðrar tekjur		2.376.991	6.200.769
		<u>43.465.729</u>	<u>51.920.034</u>
Rekstrargjöld	9		
Laun og annar starfsmannakostnaður	8	32.846.226	17.925.708
Húsnæðiskostnaður		1.331.991	1.427.176
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		2.596.067	1.982.063
Félagslegur kostnaður		11.307.231	18.458.980
Kostnaður vegna Twinning		506.000	3.963.176
Afskriftir fastafjármuna	7	273.665	268.691
		<u>48.861.180</u>	<u>44.025.794</u>
Hagnaður (tap) ársins fyrir fjármagnsliði		(5.395.451)	7.894.240
Fjármagnsliðir			
Fjármunatekjur		221.492	218.347
Fjármagnsgjöld		(141.506)	(105.960)
Fjármagnstekjuskattur		(40.690)	(48.108)
		<u>39.296</u>	<u>64.279</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>(5.356.155)</u>	<u>7.958.519</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr	2021	2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		6.827.087	7.100.752
		<u>6.827.087</u>	<u>7.100.752</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	4	612.000	942.000
Viðskiptakröfur		7.996.572	7.713.318
Aðrar skammtímakröfur	6	1.601.950	639.084
Handbært fé	5	38.959.366	44.956.763
Veltufjármunir samtals		<u>49.169.888</u>	<u>54.251.165</u>
Eignir samtals		<u>55.996.975</u>	<u>61.351.917</u>
Eigið fé og skuldir	Skýr	2021	2020
Eigið fé	9		
Óráðstafað eigið fé		50.507.415	55.863.570
Eigið fé samtals		<u>50.507.415</u>	<u>55.863.570</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		547.968	948.404
Ýmsar skammtímaskuldir	10	4.941.592	4.539.943
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.489.560</u>	<u>5.488.347</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>55.996.975</u>	<u>61.351.917</u>

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins		(5.395.451)	7.894.240
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	273.665	268.691
Hreint veltufé frá rekstri		(5.121.786)	8.162.931
 Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(1.246.120)	906.598
Birgðir		330.000	220.000
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		1.213	1.309.003
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		(6.036.693)	10.598.532
Innborgaðir vextir og arður		221.492	218.347
Greiddir vextir		(141.506)	(105.960)
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(40.690)	(48.108)
Handbært fé (til) frá rekstri		(5.997.397)	10.662.811
 Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	9	0	(773.564)
		0	(773.564)
 Breyting á handbæru fé		(5.997.397)	9.889.247
Handbært fé í byrjun tímabils	5	44.956.763	35.067.516
Handbært fé í árslok		38.959.366	44.956.763

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Félagsgjöld eru ýmist innheimt fyrirfram, eða eftirá, og skráð við innheimtu. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

3. Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

4. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

Birgðir í lok ársins greinast þannig:

Eigin framleiðsla og endursöluvörur	612.000	942.000
Birgðir samtals	612.000	942.000

5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

6. Skammtímakröfur

2021

2020

Skammtímakröfur sundurliðast þannig:

Kortakröfur	1.601.950	555.500
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	83.584
	1.601.950	639.084

7. Fastafjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir og endurmat ársins 2021 greinist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Samtals
Kostnaðarverð 1.1.....	9.122.172	9.122.172
Kostnaðarverð 31.12	9.122.172	9.122.172
Uppsafnaðar afskriftir 1.1.....	2.021.420	2.021.420
Afskrift ársins	273.665	273.665
Afskrift samtals	2.295.085	2.295.085
Bókfært verð	6.827.087	6.827.087

Skýringar

8. Laun og annar starfsmannakostnaður	2021	2020
Laun	25.016.662	13.490.402
Bifreiðastyrkir	54.498	168.000
Lífeyrissjóður	4.870.747	2.618.485
Önnur launatengd gjöld	2.728.735	1.494.961
Annar starfsmannakostnaður	175.584	255.920
	<u>32.846.226</u>	<u>18.027.768</u>

9. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Óráðstafað eigið fé
Staða 1.1	55.863.570
Hagnaður ársins	(5.356.155)
Staða 31.12	<u>50.507.415</u>

10. Aðrar skammtímaskuldir	2021	2020
Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:		
Ógreidd laun og launatengd gjöld	718.047	748.294
Mótreikningur vegna sjóða	4.223.545	3.791.649
	<u>4.941.592</u>	<u>4.539.943</u>

Sundurliðanir

9. Rekstrargjöld

2021

2020

Rekstrargjöld greinast þannig:

Félagslegur kostnaður

Tillag til stéttarfélags	3.999.285	4.220.221
Kostnaður við nálastungunámskeið	95.000	2.465.000
Kostnaður við blaðaútgáfu	1.964.126	2.720.006
Kostnaður við vefsíðu	1.969.100	2.358.716
Kostnaður við bókaútgáfu	0	1.538.088
Kostnaður vegna ICM, NJF og EMA	252.036	402.300
Gjafir og styrkir	1.943.430	1.160.180
Auglýsingar	0	997.200
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur	6.300	233.813
Ýmis kostnaður	0	726.636
Birgðir af félagsvörum	330.000	330.115
Greitt úr Vísindasjóði	627.954	574.645
Greitt úr minningarsjóði Jóhönnu	120.000	630.000
	<u>11.307.231</u>	<u>18.356.920</u>

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Stjórnarlaun, verktakar	784.210	499.000
Bækur og blöð	196.303	135.071
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	538.763	520.382
Sími	57.905	54.557
Burðargjöld	38.635	11.290
Pappír, prentun og ritföng	8.738	117.247
Endurskoðun og reikningsskil	562.215	426.982
Önnur aðkeypt þjónusta	0	28.000
Fundir og ráðstefnur	287.356	189.534
Viðhald áhalda og tækja	121.942	0
	<u>2.596.067</u>	<u>1.982.063</u>

Húsnæðiskostnaður

Viðhald húsnæðis	1.292.701	1.391.051
Vátryggingar húsnæðis	39.290	36.125
	<u>1.331.991</u>	<u>1.427.176</u>